



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

MENNINGARHÁTÍÐ

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Menningarhátíð
- Um borgir
- Dagskrá á sal
- Myndir af hátíðarundirbúningi

**Ykkur er boðið á menningardaga í Áslandsskóla
fimmtudaginn 14. mars 2013.**

Húsið er opið frá 12.00 – 17.00.

Þemað í ár er BORGIR og má sjá afrakstur vinnu nemenda í tengslum við það á göngum í stofum og á sal skólans.



**KAFFIHÚS verður starfrækt á efri hæð í umsjá nemenda í
10. bekk sem safna fyrir útskriftarferð sinni.**

**Menningarhátíðin verður sett kl: 12:00 á sal og verða þrjár
sýningar yfir daginn, kl. 12:00 kl. 13:30 og kl. 15:00.**

GOÐI segir:



*mmmmmm.....
Vöflukaffi í kaffihúsinu
BORGARKAFFI á
menningardögum.....
Goði fær vatn í
munninn!*

3. bekkur sýnir söngleikinn *Ævintýrin gerast enn.*

Hlökkum til að sjá ykkur.

Nemendur og starfsfólk Áslandsskóla.



UM BORGIR.....

Feneyjar

Ég geng á bakkanum og anda að mér menningunni. Buslið í vatninu er róandi og ég horfi á eftir blóminu sem ég kasta fylgja straumnum. Á hinum bakkanum sé ég í fjarska innfæddan mann stíga í gondólinn þar. Ég ákveð að staldra við og augu mín fylgja honum í smá stund þegar gondólinn er ýtt frá. Þegar gondóllinn er kominn að miðjunni tekur hann stefnuna upp vatnið. Skyndilega lítur maðurinn á mig og augu okkar mætast í tvær sekúndur, svo stendur hann upp og stingur sér í vatnið. Ég skima eftir honum en vatnið er of gruggt.

Guðlaug Agnes, Álfaheimar

New York

Pönnukökur með sykri. Skófla þeim í mig á meðan ég held meðvitund. Ég geng um göturnar eirðarlaus. Svartur maður spilandi á harmoniku með dollara í vasa sínum. Kóngurinn blasir við mér. Hann sér allt, heyrir allt, tekur eftir öllu. Honum er sama þótt allir glápi á hann. Honum er sama þótt menn græða á honum. Margar milljónir af fólki situr á herðum hans og virða fyrir sér útskýnið. Hann segir aldrei neitt, gerir aldrei neitt. Hans eina verk er að vera dádúr. En drottningin veitir honum samkeppni. Græn eins og hafið, með logandi kyndil í höndum sér. Hún á sér eyju, margir koma að heimsækja hana. Þau hafa aldrei hist, hvísla aðeins saman með köldum vindinum. Skyndilega stendur maður í einkennisbúningi fyrir framan mig. Hann réttir mér bækling og segir: „Vertu velkomin í Empire State Building.“

Ragnar Már, Álfaheimar

Washington DC.

Það er sólríkur dagur í dag. Í stuttbuxum og sandölum göngum við um borgina með vatnsbrúsa í höndunum spjöllum við saman um daginn og veginn. Við setjumst inn á veitingastað og pöntum okkur léttu máltíð í hitanum. Hann segir mér brandara og við hlæjum mjög mikið. Allt í einu finn ég fyrir að ég er í spreng en hann

heldur áfram að segja brandara og ég hlæ eins og algjör auli og allt í einu kemur það sem ég var búin að halda inn í mér allan tímann...

Selma Ósk, Álfaheimar

Chicago

Gangandi um götur Chicago, með blómvönd og hring handa þér. Er við það að banka á hurðina. Þá kemur þessi ægilegi hvellur, eins og hundrað hurðum sé skellt. Fallið á jörðina virðist svo langt. Um leið og ég tek minn síðasta andadrátt, þá sé ég þig inn um gluggann og hjartað mitt tekur sinn síðasta slátt.

Jón Þórir, Álfaheimar

Reykjavík

Það er kvöld og ég sit einn í strætó á leiðinni heim. Ég bara sit en hugsa um margt og mikið. Í miðjum hugsunum verð ég truflaður við það að strætóbílstjórinn hnerrar. Ég segi ekkert, veit hvorki hvort það sé viðeigandi né hvort hann myndi skilja mig. Ég held áfram að hugsa þangað til ég kem á leiðarenda. Ég ýti á stopptakka, ekkert gerist, ég ýti aftur, ekkert gerist, ég ýti á annan takka og rautt „stansar“ birtist á skjánum. Strætóinn stoppar og ég geng út.

Daníel Einar, Baldursheimar.

París

Ég horfi á bátinn sigla á Signu. Ég hugsa um frelsið sem maðurinn í bátnum hefur, laus við ofbeldi, laus við einelti. Mig langar að fljúga til hans og lenda í bátnum og sigla langt, langt í burtu en áður en ég kemst lengra með hugsanir mínar rífur einhver í mig og raunveruleikinn tekur við.

Rebekka, Flókaheimar.

UM BORGIR...

New York

Ég er að labba í New York rétt hjá Time Square og sé heimilislausan mann sofandi í gluggakistu hjá nærfatabúð. Þessi skítafýla, þetta grey að eiga ekkert rúm, enga sturtu og um leið og ég er kominn framhjá þá hætti ég að finna þessa lykt og búinn að gleyma honum.

Kristinn Kári, Flókaheimar.

New York

Ef ég lít til hægri sé ég Empire State, ef ég lít til vinstri sé ég Times Square, ef ég lít beint áfram sé ég frelsisstyttuna. Ég fæ mér epli og tek stóran bita, en um leið og ég kyngi bitanum kemur gulur taxi og keyrir í poll. Ég er rennblaut og missi eplið í jörðina.

Berglind, Flókaheimar.

París

Hún stendur í röð og er búin að bíða lengi eftir honum að koma að finna sig. Hann tekur í hönd hennar og leiðir hana í gegnum París. Þau enda uppi í Eiffeltorninum og horfa á París fyrir neðan sig. Hún óskar sér að þetta augnablik muni ekki enda þegar allt í einu hún vaknar. Þetta var draumur en hann liggur hjá henni. Maðurinn úr draumnum en hún veit ekki hver hann er.

Kristín Lovísa, Óðinsheimar

London

Ljós borgarinnar lýsa upp hennar dýpstu leyndarmál. Úti á götu stelur maður veski gamallar konu. Í húsasundi sefur róni og dreymir um betra líf. Á heimilum sínum misþyrma karlmenn ungum stúlkum. Inni á skemmtistöðum neyta villtir unglingar ólöglega efna. Í laumi skipuleggur stjórnmalamaður morð á helsta mótherja sínum. Auga London, Big Ben og fallega konungsfjölskyldan er svo sannarlega ekki allt sem sýnist.

Guðbjörg Vilný, Óðinsheimar.

DAGSKRÁ Á SAL

12:00

Setning

Nemendur í 1. bekk syngja lagið *Ferðalag*

Nemendur í 3. bekk sýna söngleikinn *Ævintýri gerast enn*.

13:30

Flautuhópur 1 og 2 spila

Skólakór Áslandsskóla syngur 2 lög.

Freydís í Garpheimum sýnir dans.

Nemendur í 4. bekk syngja lag.

15:00

Flautuhópar 3 og 4 spila

Nemendur í 2. bekk syngja lagið *Ég syng*

Nemendur í 3. bekk sýna söngleikinn *Ævintýri gerast enn*.

MORGUNSTUND

Föstudaginn 15. mars kl. 8.10 verður sameiginleg menningar-morgunstudund á sal skólans.



HÁTÍÐARUNDIRBÚNINGUR



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri